



Heilbrigðisráðuneytið  
Síðumúli 24  
108 Reykjavík  
[frn@frn.is](mailto:frn@frn.is)  
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 23. febrúar 2024

## Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“), fyrir hönd Tannsmíðafélags Íslands (hér eftir „TÍ“ eða „félagið“ eftir atvikum), hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar.

Tannsmiðir eru heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt skilgreiningu 31. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn. Í reglugerð nr. 1123/2012 um menntun, réttindi og skyldu tannsmiða og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, er skilgreint hverjum skuli veita starfsleyfi frá Embætti landlæknis til að kalla sig tannsmið og starfa sem slíkur hér á landi.

TÍ vill koma á framfæri athugasemdum vegna eftirfarandi ákvæða frumvarpsins en tannsmiðir á Íslandi, sem starfa á grundvelli fyrrnefndra lagaskilyrða, hafa á sl. árum þurft að sýna æðruleysi vegna fjölda einstaklinga sem elta gylliboð erlendra tannlækna- og tannsmiðaklínika erlendis, þjónustu sem Sjúkratryggingar hafa hingað til niðurgreitt, þvert á það sem á við um þjónustu íslenskra tannsmiða. Í því samhengi gerir TÍ athugasemdir við eftirfarandi.

Með ákvæði **9. gr. frumvarpsins** er lagt til að lögfesta eigi heimild SÍ til að samþykka greiðsluþátttöku í fyrirfram ákveðnum og nauðsynlegum lækni meðferðum erlendis þegar sjúkratryggðir eiga ekki kost á meðferðum hérlandis innan tímamarka sem réttlæta megi læknisfræðilega. Í þessu samhengi vill TÍ koma á framfæri að í fyrsta lagi er sjúklingum forgangsraðað á Íslandi innan þess tímaramma sem viðeigandi er og áréttar að erlendar aðgerðir eru einnig fyrirfram ákveðnar aðgerðir. Í öðru lagi hljóti það að teljast óæskilegt að SÍ niðurgreiði erlenda tannsmíðaðþjónustu nema að staðfest hafi verið að um nauðsynlega meðferð hafi verið að ræða. Þá er það afstaða félagsins að margar af þeim meðferðum sem þarna er um að ræða séu ekki nauðsynlegar heldur falli undir ómeðhöndlun sem geti haft alvarlegar afleiðingar á tannheilsu.

TÍ fagnar **ákvæði 23. gr. frumvarpsins** þar sem SÍ er veitt skýr heimild til að grípa til aðgerða vegna vanefnda samningsaðila.

SI og TÍ þakka fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri í þessu máli og vonast eftir nánara samtali við stjórnvöld vegna þátttöku sjúkratrygginga við tannsmíðakostnað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

*Erla T. Stefánsd.*

Erla Tinna Stefánsdóttir,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði